

Alþingi
Erindi nr. P 139/359
komudagur 24.11.2010



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2010
Tilvísun: 2010110014/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál.

Í greinargerð við umrædda tillögu segir m.a. eftirfarandi: „*Vinna að orkuöflun, sem nú liggur að mestu niðri, hefur skipt miklu fyrir Húsvíkinga þar sem mikill fjöldi þeirra var í störfum hjá Jarðborunum meðan eðlilegur gangur var í borunum. Mikil orka finnst á svæðinu og hefur það komið fram í svörum við fyrirspurnum hér á Alþingi, m.a. á 131. löggjafarþingi (pskj. 328, 222. mál), þar sem fram kemur að varlega áætlað séu virkjanleg um 600 MW í Þingeyjarsýslum. Rannsóknir eru hins vegar alltaf að batna og Þeistareykjasvæðið er nú talið öflugra en áður. Á Þeistareykjum eru nú tilbúin um 50 MW, í Bjarnarflagi er tilbúin mikil orka og nýverið var opnuð í Vítismó ein öflugasta hola landsins með afli upp á allt að 27 MW. Það eru því miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar á þessu svæði og brýnt að stjórnvöld leggist hér á árarnar með fólki og fyrirtækjum.*“

Komi til fyrirhugaðrar orkunýtingar á umræddu svæði, sbr. framanritað, er ljóst að orkufyrirtæki munu leita til Orkustofnunar vegna leyfisveitingar í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Með hliðsjón af hæfisreglum stjórnslulaga, nr. 37/1993, telur Orkustofnun ekki rétt að stofnunin taki afstöðu til fyrirhugaðra framkvæmda að svo stöddu.

Í ljósi framanritaðs gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við efni tillögunnar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur